

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins í máli þessu á ómerkur að vera og vísast málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Hinum skipaða talsmanni áfrýjendanna fyrir yfirdóm-inum, Páli málaflutningsmanni Melsteð, bera 20 krónur í málsfærslulaun, er borgist honum úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 8. júlímán.

Nr. 9/1878:

Hið opinbera

gegn

Þorleifi Gíslasyni

Dómur:

Þar eð allar upplýsingar vantar í dómsgjörðum undirrjettarins um mörg af þeim atriðum, sem sýkna eða sakfelli hins kærða er undir komið, svo sem um aldur hins kærða, um það, hvort hann samkvæmt gildandi lögum sje skyldur að ganga í vist, og um það, hvort hann hafi haft heimtingu á að fá leyfisbrjef til lausamennsku borgunarlaust eða eigi, þá ber að dæma hinn áfrýjaða politirjettardóm ómerkan, og að vísa málinu heim aptur í hjerað til nýrrar og löglegrí meðferðar.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði politirjettardómur á ómerkur að vera og vísast málinu heim aptur i hjerað til nýrrar og löglegrí meðferðar.

Nr. 10/1878:

Rjettvísín

gegn

Rannveigu Jóhannesdóttur.

Dómur:

Eptir að mál var höfðað gegn ekkjunni Rannveigu

Jóhannesdóttur fyrir brot gegn 183. gr. hegningarlaganna, var hún, sem komin er yfir sakamanna lögaldur, og ekki fyrr hefur sætt ákæru eða hegningu fyrir nokkurt lagabrot, með aukarjettardómi Reykjavíkur kaupstaðar dags. 26. apríl þ. á. dæmd sýkn af ákærum rjettvísinnar, en til þess að greiða allan kostnað út af varðhaldi á henni og málssókn. Dómi þessum er nú áfrýjað af hendi hins opinbera.

Þar eð á þann hátt, sem undirdómarinn hefur álitid, ekki er alveg nægileg ástæða til að vefengja, að þær tvær stúlkur, sem hin ákærða ljet sækja til sín, hafi verið trúlofaðar þeim tveimur útlendu sjómönnum, er þær voru saman með í húsum ákærðu, og það enn fremur er ekki sannað, að hin ákærða hafi vitað, að önnur stúlkan hafi haft holdlegt samræði við unnusta sinn þá nótt, er þau voru þar, og loks, að það gegn neitun hinnar ákærðu er ósannað, að hún hafi komið saman körlum og konum til samlags, eða leyft þeim hýbýli sín til þess að fremja þar saurlífi hvort heldur fyrir borgun eða jafnvel ókeypis, verður alveg að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, bæði að því að hann hefur sýknað ákærðu og skyldað hana að greiða allan málskostnað. Svo ber og hinni ákærðu að greiða allan kostnað, er leiðir af áfrýjun málsins, þar á meðal hinum skipaða sóknara og svaramanni í málsfærslulaun 10 kr. til hvors.

Meðferð málsins í hjeraði svo og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði undirrjettardómur á óraskaður að standa. Svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af áfrýjun máls þessa löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til hins skipaða sóknara, málaflutnings-

manns Páls Melsteðs, og talsmanni hinnar ákærðu cand. juris Kristjáni Jónssyni, málsfærslulaun 10 krónur til hvors.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá lög-  
birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 24/1877:

Hið opinbera

gegn

Eyjólfi Jónssyni í Katrínarkoti.

Dómur:

Með dómi uppkveðnum fyrir lögreglurjetti Gullbringusýslu 28. maímán. f. á. af landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni sem settum lögreglustjóra í fjárkláðamálinu, er Eyjólfur Jónsson í Katrínarkoti dæmdur fyrir óhlýðni gegn fyrirskipunum lögreglustjórans um smölun og böðun á fje sínu í 20 kr. sekt og til að greiða Sigurði hreppstjóra Vigfússyni 4 kr, sem og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað, en þeim dómi var bæði eptir ósk hins kærða og af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins, og ber nú samkvæmt hestarjettardómi upp kveðnum 7. maí 1878, er hefur fellt úr gildi dóm þessa rjettar af 29. okt. f. á., að dæma mál þetta í aðalefni þess.

Þar eð álíta má nægilega upplýst, að hinn kærði hefur óhlýðnast skipun lögreglustjórnarinnar að smala eða láta smala fje sínu og að baða það, ber að staðfesta lögregludóminn, að því leyti hinn kærði er dæmdur til að greiða 4 kr. í endurgjald fyrir smölun, en að því er viðvíkur hinni ídæmdu sekt, er hinn kærði á að sæta eptir tilskipun 5. janúar 1866, 6. og 7. gr., virðist hún eptir málavöxtum, einkum þar kláði ekki hefur fundizt í fjenu, eða önnur grunsemd á því, en að það er í hjeraði, sem hefur verið álitid grunað um